



Umsögn vegna innflutnings á við með trjáberki

t-póstur

Málsnúmer: 2017110023

Bréfalyklar: 42-9 Umsagnir vegna innflutnings erlendra dýra- og plöntutegunda

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 08.12.2017

Dagsetning skjals: 08.12.2017

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Brynjar Rafn Ómarsson"

<brynjar.omarsson@mast.is>

Frá: Trausti Baldursson/NI.IS

Dags: 08.12.2017 11:36:14

Til: "Brynjar Rafn Ómarsson" <brynjar.omarsson@mast.is>

cc: ust@ust.is, "Emma Eyþórsdóttir" <emma@lbhi.is>

Efni: Umsögn vegna innflutnings á við með trjáberki

Tilvísun í mál: 2017110023

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Matvælastofnun, dags. 29. nóvember sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á innflutningi á 12.000 tonnum af hlyn (*Acer rubrum*) með trjáberki frá austurhluta Kanada, Nova Scotia, til Húsavíkur. Einnig er vísað til viðbótarupplýsinga sem bárust í tölvupósti 4. desember sl. um sama mál.

Eins og kemur fram í meðfylgjandi tölvupóstum fylgja nánast engar upplýsingar um timbrið og meðhöndlun þess aðrar en tegundaheiti þeirrar trjátegundar sem um ræðir og að timbrið verði geymt utanhúss, unnið inni og brennt. Engar upplýsingar eru um hvaðan nákvæmlega timbrið kemur og þá t.d. hvaða tegundir dýra, örvera og sveppa geta lifað á viðkomandi stað og hugsanlega borist með timbrinu. Töluverðar líkur eru á því að margar þeirra tegunda sem um ræðir geti lifað hér á landi og hugsanlega orðið skaðvaldar í náttúru landsins og t.d. í skógrækt. T.d. má gera ráð fyrir að barkarbjöllur geti fylgt timbrinu en af þeim er fjöldi tegunda með mismunandi lífshætti. Það finnast bjöllumtegundir í berki, undir berki og inni í sjálfum viðnum, allt eftir tegundum. Þá bera sumar bjöllur með sér örverusýkingar og sveppasýningar milli trjáa. Þó bjöllumnar sjálfar geti ef til vill ekki lifað hér til langframa þá gætu þær hugsanlega borið sjúkdóma sem mögulega ná fótfestu hér á landi. Um þetta er ekki vitað með vissu því engar upplýsingar fylgja umsókninni. Þarna er um að ræða innflutning frá breiddargráðum í Ameríku sem hugsanlega eru sambærilegar og hér á landi en það er ekki vitað. Auk ýmissa dýrategunda, örvera og sveppa sem geta borist með timbrinu má gera ráð fyrir að plöntufræ eða gró geti einnig borist með því.

Timbrið á að geyma utanhúss og töluverð hlýnun hefur verið á Ísland undanfarna áratugi vegna loftslagsbreytinga og því má gera ráð fyrir að auknar líkur séu á því að ýmsar tegundir sem berast frá upprunalandi timbursins geti þrífist hér á landi. Engar upplýsingar eru um hvort timbrið sé meðhöndlað á einhvern hátt t.d. til að „dauðhreinsa“ það áður en það er flutt til landsins og óvíst hvort það sé hægt.

Framangreint umsókn hefði að sjálfsögðu átt að liggja fyrir í upphafi þegar verksmiðjan var ráðgerð og hefði þá t.d. átt að vera hluti af mati á umhverfisáhrifum, að það hafi ekki verið gert er ekki ásættanlegt. Við umfjöllun um þessa umsókn verður að skoða bæði lög um innflutning dýra nr. 54/1990 og lög um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem það er nánast öruggt að margar lífverur

aðrar en trjátegunndin sjálf munu geta borist með timbrinu. Í lögum nr. 54/1990 er gert ráð fyrir áhættumati þegar flytja á inn nýjar dýrategundir og einnig kemur þar fram í 5. gr. að áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal ráðherra afla umsagnar erfðanefndar landbúnaðarins og að við slíkan innflutning skal jafnframt afla leyfis Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði 63. gr. laga um náttúruvernd.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er alveg ljóst að nýjar tegundir dýra, örvera, sveppa og plantna geta borist með innflutningi á 12.000 tonnum af timbri /hlyn (líklega stöðugur innflutningur til margra ára) frá Kanada. Stofnunin telur því að fara eigi með þennan innflutning í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og lög um innflutning dýra nr. 54/1990. Að mati Náttúrufræðistofnunar er enginn vafi á því að þennan innflutning á bæði að bera undir sérfræðinganevnd um innflutning og dreifingu framandi lífvera í náttúru Íslands en einnig erfðanefnd landbúnaðarins þar sem hér er um að ræða innflutning sem hugsanlega getur borið með sér lífverur sem haft geta áhrif t.d. í skógrækt.

Náttúrufræðistofnun telur að hafna eigi framangreindri umsókn þar sem hún er ekki í samræmi við lög um náttúruvernd eða lög um innflutning dýra.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson, forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

Frá: Brynjar Rafn Ómarsson <brynjar.omarsson@mast.is>
Dags: 04.12.2017 12:03:03
Til: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>
Efni: Framhaldi af samtali - Álit

Sæll Trausti

Í framhaldi af samtali fyrr í dag

Þær upplýsingar sem liggja fyrir um framkvæmd innflutnings úr umsókn :

„Timbrið verður flutt með skipi til Húsavíkurhafnar og þaðan flutt um nýjan iðnaðarveg inn á lóð PCC BakkiSilicon. Með þessum hætti fara flutningarnar alfarið framhjá þéttbýlinu á Húsavík og svæðum þar sem almenningur á leið um. Þá fer öll geymsla og vinnsla á timbri fram innan afgirtrar lóðar. Trjábólirnir verða geymdir á afmörkuðu svæði utanhúss, en vinnsla og geymsla kurlaðs timburs verður undir þaki. Allt innflutt timbur brennur við framleiðslu kísilmálsins.“

Gott væri að fá ykkar álit á málinu, hvort þið teljið áhættu á að skaðvaldar og plöntusjúkdómar geti borist með innflutningnum hingað til lands.

Með kveðju,
Brynjar Rafn Ómarsson

Fagsviðsstjóri / Senior officer
Inn- og útflutningsmál / Office of Import and Export



Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority
Austurvegur 64 – 800 Selfoss – Iceland
Sími/tel: (+354) 530 4800 – Fax : (+354) 530 4801 – www.mast.is

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 29.11.2017 11:48:20
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Umsögn vegna innflutnings á við með trjáberki

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 29.11.2017 11:48 -----

From: Brynjar Rafn Ómarsson <brynjar.omarsson@mast.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Cc: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>
Date: 29.11.2017 11:32
Subject: Umsögn vegna innflutnings á við með trjáberki

Góðan dag

Í framhaldi af samtali við Trausta Baldursson.

Matvælastofnun óskar eftir umsögn og álitni Ní vegna innflutnings á 12.000 tonnum af hlyn (Acer rubrum) með trjáberki frá austurhluta Kanada, Nova Scotia, til Húsavíkur.

Málið er í vinnslu og væri gott ef umsögn bærisk sem fyrst.

Með kveðju,
Brynjar Rafn Ómarsson

Fagsviðsstjóri / Senior officer
Inn- og útflutningsmál / Office of Import and Export



Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority
Austurvegur 64 – 800 Selfoss – Iceland
Sími/tel: (+354) 530 4800 – Fax : (+354) 530 4801 – www.mast.is

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

